

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafirði, 29. desember 2022

Efni: Fyrirspurn um viðbyggingu við húsið að Kirkjubólslandi.

Undirritaður fyrir hönd Aðstaðan sf. Kt. 511285-0549 óska eftir álitum á því hvort heimilt sé að byggja við húsið að Kirkjubólslandi L138012 skv. neðan greindum myndum.



Mynd 1, afstöðumynd með hættumatslínum

Eins og sjá má á mynd 1 er viðbyggingin á hættusvæði B skv. hættumatslínnum.

Í reglugerð nr. 505/2000 segir í 19. grein um nýtingu hættusvæða.

19. gr.


Nýting hættusvæða.

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástremisþrýsting, sbr. töflu II.

Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástremisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.



Mynd 2, útlitsmynd, rautt nús er núverandi hús, grátt viðbygging sem sótt er um



Mynd 3, útlitsmynd, rautt nús er núverandi hús, grátt viðbygging sem sótt er um

Húsið er ætlað sem geymsluhúsnæði, engin starfsemi er í húsinu og engin næturgisting.

Því er bent sérstaklega á texta í grein 19, þar segir „*Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar*“.

Auk fyrirspurnar um heimild til að byggja er einnig óskað eftir undanþágu frá gatnagerðargjöldum þar sem engin vatnsveita er á svæðinu og hafa eigendur húsa sjálfir séð sér fyrir vatni. Þá er engin fráveita á svæðinu. Þjónusta er ekki sú sama og í öðrum götum sveitarfélagsins og því óeðlilegt að greidd séu sömu gjöld og fyrir húsnæði sem byggt er á svæði sem fær fulla þjónustu.

Virðingarfyllt

f.h. Aðstaða sf.

Ómar Helgason